

Eftirfylgni: *Vinnueftirlit ríkisins*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki þær ábendingar sem beint var til velferðarráðuneytis árið 2013 um að gera þurfi nýjan árangursstjórnunarsamning við Vinnueftirlit ríkisins og meta ávinning af því að flytja eftirlit og umsjón með skráningu vinnuvéla frá Vinnueftirlitinu til Samgöngustofu. Velferðarráðuneyti kveðst hafa náði eftirlit með starfsemi og árangri Vinnueftirlitsins sem auk þess hafi tekið í notkun CAF sjálfsmatslíkanið (*Common Assessment Framework*) til að meta stjórnun, rekstur og starfsemi stofnunarinnar, m.a. með tilliti til árangurs. Þá áformar félags- og húsnæðismálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögu um vinnuverndarstefnu sem m.a. muni fjalla um hvernig eftirliti og skráningu vinnuvéla skuli háttað. Áætlað er að vinnunni verði lokið fyrir árslok 2016. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að standa við þessar fyrirætlanir.

Úr fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar

Í skýrslunni [Vinnueftirlit ríkisins](#) (mars 2007) fjallaði Ríkisendurskoðun um hlutverk og verkefni Vinnueftirlits ríkisins. Leitast var við að meta hvernig stofnunin sinnti lögbundnu hlutverki sínu og verkefnum og kannað hvort verkefnið sköruðust á við verkefni annarra eftirlitsstofnana.

Í skýrslunni beindi Ríkisendurskoðun átta ábendingum til Vinnueftirlitsins og fjórum til félagsmálaráðuneytis (síðar félags- og tryggingamálaráðuneyti og nú velferðarráðuneyti). Þeim var fylgt eftir þremur árum síðar í [Skýrslu um eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins](#) (desember 2010). Þá hafði Vinnueftirlitið brugðist þannig við þeim ábendingum sem beint var til þess að Ríkisendurskoðun taldi ekki þörf á að ítreka þær. Engin svör bárust frá félags- og tryggingamálaráðuneyti um afdrif þeirra ábendinga sem beint hafði verið til þess þrátt fyrir ítrekaðar óskir Ríkisendurskoðunar. Stofnunin kannaði því sjálf hvort ráðuneytið hefði gripið til viðeigandi aðgerða. Svo reyndist ekki vera. Ábendingarnar voru því ítrekaðar og velferðarráðuneyti hvatt til að:

- ✓ Leggja niður stjórn Vinnueftirlits ríkisins en skipa þess í stað ráðgefandi vinnuverndarráð sem yrði samráðsvettvangur vinnumarkaðar og stjórnvalda.
- ✓ Virkja árangursstjórnunarsamning sinn við Vinnueftirlitið frá árinu 1998.

- ✓ Kanna hagræði af því að flytja hluta vinnuvélaeftirlits til faggiltra skoðunarstofa á forræði Umferðarstofu (nú Samgöngustofu).
- ✓ Kanna hagkvæmni þess að hafa skráningu vinnuvéla og umsýslu með starfsréttindum vegna slíkra véla alfarið hjá Umferðarstofu.

Í [Skýrslu um ítrekaða eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins](#) (desember 2013) leitaðist Ríkisendurskoðun enn við að meta hvernig brugðist hefði verið við framangreindum ábendingum. Að mati stofnunarinnar var ekki þörf á að ítreka fyrstu ábendinguna. Ekki hefði náðst sátt við aðila vinnumarkaðarins um skipun vinnuverndarráðs en samkomulag þó tekist um fjölskipaða stjórn sem væri stefnumótandi og ráðgefandi. Stjórn Vinnueftirlitsins væri því aðeins ráðgefandi og hefði hvorki aðkomu að daglegri starfsemi Vinnueftirlitsins né afskipti af samskiptum þess við ráðuneytið.

Ábendingar árið 2013

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar árið 2013 var að þrjár síðastnefndu ábendingarnar hefðu ekki komið til framkvæmda. Velferðarráðuneyti hefði hvorki virkjað árangursstjórnunarsamning sinn við Vinnueftirlitið frá árinu 1998 né metið ávinning þess að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu þótt það teldi fátt mæla gegn því. Ríkisendurskoðun ítrekaði því ábendingarnar en með breyttum áherslum. Í ljósi þess hve gamall árangursstjórnunarsamningurinn var orðinn hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að gera nýjan samning við Vinnueftirlitið sem tæki mið af núverandi starfsemi stofnunarinnar. Þá voru tvær síðustu ábendingarnar felldar saman í eina.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016

Í nóvember 2015 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig velferðarráðuneyti hefði brugðist við ítrekuðum ábendingum frá árinu 2013. Svör bárust frá ráðuneytinu í febrúarbyrjun 2016.

Samkvæmt svörum velferðarráðuneytis hefur enn ekki verið gerður nýr árangursstjórnunarsamningur milli þess og Vinnueftirlitsins. Ráðuneytið kveðst þó hafa náði eftirlit með starfsemi og árangri stofnunarinnar á hverjum tíma. Það fundi mánaðarlega með Vinnueftirlitinu auk þess sem

tengiliður ráðuneytisins við stofnunina eigi í samskiptum við hana á milli funda. Þrátt fyrir að nýr árangursstjórnunarsamningur hafi ekki verið gerður hafi Vinnueftirlitið notfært sér CAF sjálfsmatslíkanið (*Common Assessment Framework*) sem tekur m.a. til árangurs og kveðst ráðuneytið fylgjast náði með þeirri vinnu.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur ábending stofnunarinnar frá árinu 2013 um árangursstjórnunarsamning ekki komið til framkvæmda. Engu að síður telur stofnunin ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína í ljósi þess hvernig velferðarráðuneyti stendur að eftirliti með starfsemi og árangri Vinnueftirlitsins og með hvaða hætti það hagar samskiptum sínum við stofnunina. Þá verður að líta á CAF sjálfsmat sem verkfæri innan árangursstjórnunar. Með því má meta stjórnun, rekstur og starfsemi stofnunar og nýta niðurstöðurnar til að fylgjast með og bæta árangur. Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við það hvers konar verkfæri ráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra nota við árangursstjórnun svo framarlega sem þau tryggja að reglulegt árangursmat fari fram. Í þessu sambandi vill stofnunin þó minna á að CAF sjálfsmat stofnana kemur ekki í staðinn fyrir árangursstjórnunarsamninga og hvetur ráðuneytið til að íhuga kosti þeirra til framtíðar litið.

Samkvæmt svörum velferðarráðuneytis í febrúar 2016 var á árunum 2013 og 2014 að störfum nefnd um endurskoðun einstakra efnisatriða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndinni gafst þó ekki tími til að kanna ávinning af því að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu. Í svari ráðuneytisins sagði enn fremur að félags- og húsnæðismálaráðherra hefði óskað eftir tilnefningu í aðra nefnd sem falið verður að gera tillögu að vinnuverndarstefnu. Í henni komi

m.a. til með að eiga sæti fulltrúar frá samtökum aðila vinnumarkaðarins. Ráðherra muni fela nefndinni að fjalla um þær ábendingar Ríkisendurskoðunar sem lúta að hlutverki stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og hvernig eftirliti og skráningu vinnuvéla skuli háttað. Áætlað sé að vinnu nefndarinnar verði lokið fyrir árslok 2016. Í því ljósi og vegna fyrri ummæla ráðuneytisins um að fátt mæli gegn því að lagt verði mat á ávinning þess að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu ítrekar Ríkisendurskoðun ekki ábendingu sína.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnarsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Velferðarráðuneyti og Vinnueftirlit ríkisins fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.